

Nd. **109. Frumvarp til laga** [93. mál]
um stækkun lögsagnarumdæmis Húsavíkurkaupstaðar.

Flm.: Bragi Sigurjónsson.

1. gr.

Eyjan Flatey í Flateyjarhreppi í Suður-Þingeyjarsýslu skal lögð undir lögsagnarumdæmi Húsavíkurkaupstaðar.

2. gr.

Húsavíkurkaupstaður tekur að sér framfærslu allra þeirra, sem eru eða verða þurfamenn eða framfærslurétt eiga eða mundu eignast í Flateyjarhreppi í Suður-Þingeyjarsýslu vegna fæðingar eða dvalar þar, ef lög þessi væru eigi sett.

3. gr.

Eignum Flateyjarhrepps skal varið til menningar- og framfaramála í Suður-Þingeyjarsýslu og Húsavík samkvæmt ákvörðun félagsmálaráðuneytisins, að höfðu samráði við sýslunefnd Suður-Þingeyjarsýslu og bæjarstjórn Húsavíkur.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var snemma á þessu ári samið af framkvæmdarnefnd sameiningarnefndar sveitarfélaga og sent bæjarstjórn Húsavíkur og sýslunefnd S.-Þingeyjarsýslu til umsagnar. Fylgja umsagnir þeirra hér með sem fylgiskjöl. Þar sem umsagnirnar urðu ekki samhljóða, mun sameiningarnefnd sveitarfélaga ekki hafa talið sér fært að beiðast ráðuneytis- eða stjórnarfrumvarps um málið, en samning frumvarpsins sýnir engu að síður álit nefndarinnar. Hins vegar er mál þetta í sjálfheldu, séu eigi sett um það lög. Allir Flateyjarbúar eru nú fluttir úr eyjunni og flestir komnir með heimilisfesti á Húsavík. Aðeins 5 manns teljast nú eiga lögheimili í Flatey, en af þeim eru 4 vistmenn á Kópavogshæli, en 1 á Kristneshæli. Óviðunandi er, að eyjan sé utan umdæmis sveitarstjórna, þar eð sá möguleiki er fyrir hendi, að mönnum takist að skapa sér þar skjól fyrir útsvarsálögum, án þess að sveitarstjórn verði mynduð á ný. Fyrir liggur, að bæjarstjórn Húsavíkur vill taka við því ómagaframfæri, sem áður hvíldi á hreppssjóði Flateyjar. Þar eð eyjan er í öðru lögsagnarumdæmi, þarf sérstök lög um sameiningu hennar og Húsavíkur, en landssvæði það, er fylgir Flateyjarhreppi uppi á landi, Flateyjarðal, nú eyðibýggð og nýtt sem afréttarland af íbúum Háls- og Grýtubakkahreppa, mun mega sameina Hálsahreppi með ráðuneytisúrskurði. Fáir eða engir munu í alvöru trúa því, að Flatey byggist á ný um næstu ár, og virðist því óskynsamlegt og raunar varhugavert að láta staðinn vera utan sveitarstjórnamarka, því að augljóst er, að þar verður engin sveitarstjórn löglega mynduð á komandi vori af framanlýstum ástæðum.

Fylgiskjal I.

BÆJARSTJÓRINN HÚSAVÍK

Húsavík, 25. júní 1969.

Bæjarstjórn Húsavíkur hefur nú afgreitt erindi það, er barst frá yður í bréfi, dags. 5. maí s. l. Hefur bæjarstjórnin á fundi sínum í dag einróma samþykkt eftirfarandi:

„Bæjarstjórn Húsavíkur lýsir sig samþykka þeirri tillögu, er kemur fram í bréfi sameiningarnefndar sveitarfélaga, dags. 5. maí 1969. Bæjarstjórnin lýsir sig samþykka því, að bæjarsjóður Húsavíkur taki við framfærslu þurfamanna, sbr. 2. gr. í tillögu sameiningarnefndar, en lýsir því jafnframt yfir, að hún telur eignir og skuldir Flateyjarhrepps og Flateyjarhafnar sér með öllu óviðkomandi.“

Tilkynnist þetta sameiningarnefnd hér með.

Björn Friðfinnsson.

Sameiningarnefnd sveitarfélaga
Laugavegi 105 R.

Fylgiskjal II.

SÝSLUMAÐUR ÞINGEYJARSÝSLU BÆJARFÓGETI HÚSAVÍKUR

Húsavík, 14. maí 1969.

Á aðalfundi sýslunefndar Suður-Þingeyjarsýslu, sem haldinn var 5.—9. þ. m., var meðal annars rætt um framtíð Flateyjarhrepps og fyrir tekið erindi yðar um það efni.

Forustumenn Flateyinga mættu á fundinum og lýstu því yfir, að þeir óskuðu þess eindregið, að hreppurinn yrði ekki nú sameinaður öðrum hreppum, heldur yrði beðið með að taka ákvarðanir um framtíðarráðstöfun hans, meðan málin varðandi búsetu í Flatey væru að skýrast.

Þeir telja, að flutningur fólksins til lands hafi fyrst og fremst stafað að því, að ekki var haldið uppi barnafræðslu í Flatey, en foreldrarnir töldu sig ekki geta sent börnin frá sér til fræðslu í landi, bæði kostnaðar vegna og nauðsynlegrar umönnunar.

Ég sendi yður hér með sérstaka tilkynningu um afgreiðslu sýslunefndarinnar á máli þessu.

Jóhann Skaptason.

Framkvæmdanefnd sameiningarnefndar sveitarfélaga,
c.o. Samband íslenzkra sveitarfélaga, Laugavegi 105, Reykjavík.

SÝSLUMAÐUR ÞINGEYJARSÝSLU BÆJARFÓGETI HÚSAVÍKUR

Húsavík, 14. maí 1969.

Á síðasta aðalfundi sýslunefndar Suður-Þingeyjarsýslu, sem haldinn var í byrjun þessa mánaðar, var meðal annars fyrir tekið:

27. mál. Framtíð Flateyjarhrepps:

„Lesin og lögð fram drög að frumvarpi til laga, sem framkvæmdanefnd sameiningarnefndar sveitarfélaga hefur samið, um að Flatey skuli lögð undir lögsagnarumdæmi Húsavíkurkaupstaðar.

Á fundinum mættu sýslunefndarmaður Flateyjarhrepps, Gunnar Guðmundsson, og oddviti Flateyjarhrepps, Jón Hermannsson. Lýstu þeir sig andvíga nefndu frumvarpi og töldu rétt að biðja um nokkurn tíma með að taka ákvörðun um framtíð hreppsins.

Eftir nokkrar umræður var málinu vísað til allsherjarnefndar til athugunar og ályktunar.“

32. mál. Framtíð Flateyjarhrepps:

Svo hljóðandi tillaga frá allsherjarnefnd var samþykkt einróma (sbr. atr. 27).

„Sýslunefndin lýsir sig andvíga þeirri hugmynd, að Flatey eða aðrir hlutar Flateyjarhrepps verði sameinaðir öðru sveitarfélagi, meðan allt er jafnóljóst og nú er, hvernig ræðst um not þeirra landa í framtíðinni.

Nefndin telur því rétt og óskar þess, að sýslumanni Þingeyjarsýslu verði falin umsjón Flateyjarhrepps og meðferð eigna hans næstu fimm ár, nema búseta aukist þar til muna á þeim tíma.“

Þetta tilkynnist yður hér með.

Jóhann Skaptason.

Framkvæmdanefnd sameiningarnefndar sveitarfélaga,
c.o. Samband íslenzkra sveitarfélaga, Laugavegi 105, Reykjavík.